

# Fundargerð

## 1. Almennar upplýsingar

---

- 1.1. **Heiti verkefnis:** Lagning ljósleiðara í Hrunamannahreppi
- 1.2. **Dagsetning:** 15.1.2019 **Fundartími:** 13:00 – 14:30
- 1.3. **Staður:** Flúðir
- 1.4. **Höfundur:** Guðmundur Daníelsson (GD)
- 1.5. **Mættir:** Jón Valgeirsson(JV), Hannibal Kjartansson(HK), Guðmundur Daníelsson(GD), Hörður Úlfarsson(HÚ), Lúðvig Þorfinnsson(LP).

## 2. Dagskrá

---

- Útistandandi mál síðasta verkfundar
- Framgangur við þann áfanga sem unnið er við
- Næstu skref og áfangar
- Önnur mál er varðar efni fundarins

## 3. Umræður

---

- Jarðvinnu er a fullu lokið. Unnið er að því að blása síðu leggina, að löjuslóð, að áhaldahúsi og leggi að Sólheimum og Kaldbak. Allir notendur ættu að vera tengdir í lok viku 4 (26. Janúar).
- GD óskaði eftir yfirliti yfir strengi í verklok. LP lætur útbúa og sendir GD.
- HÚ spurði hvort að hann ætti að hnitsetja gömlu hitaveitu leiðslu. HK óskaði eftir að það yrði gert ef mögulegt er.
- Útistandandi reikningar frá TRS ræddir. LP tekur málið föstum tókum og klárar gagnvart skrifstofu í samráði við HK.
- Samningar við fjarskiptafélög vegna leigu á þráðum rætt. GD taldi rétt að uppfæra verðskrá Hrunaljóss og rukka í samræmi við hana þau gjöld sem gjaldfærð væru. GD tekur saman gögn vegna málsins og kemur með á næsta fund.
- Fyrirhugað er að verklokafundur verði haldinn 30.1.2019 svo fremi sem öllum verkum er lokið og HK hefur ekki athugasemdir við frágang á verkstað.

## 4. Niðurstaða / Næstu skref

---

- LP útbýr yfirlit yfir strengi og sendir GD.
- HÚ hnitsetur gamlar hitaveitulagnir sem notaðar hafa verið í verkefninu.
- GD undirbýr gögn sem grundvöll að uppfærðri verðskrá Hrunaljóss.
- LP bakfærir reikninga vegna aukaverka.